

gjört hinum forna síð til eflingar og viðhalds.*). Tvenn samskonar rit hafa áður fundist frá öðrum héruðum, og eru þau áþekk mjög að efní og orðalagi. Þau ávarpa umsjónarnefnd, er hafði með höndum að líta eftir rétttrúnaði manna, og þá hefja rannsóknir á kærum gagnvart þeim, er grunaðir voru um goðgá og önnur afglöp. Skýrslan er á þessa leið.

„Til umsjónarmanns við fórnir og blót í borginni (Oxyrhynchus) frá Aureliusi syni Theodorusar og Pantonymisar, sömu borgar. Það hefir jafnan verið síður minn að frambera fórnir og gjöra úthellingar fyrir guðunum, og nú síðast í nærveru yðar hefi eg ásamt með syni mínum Aureliusi Dioscorus og dóttur Aureliu Lais, að skipan keisarans úthellt víninu og fórnfært og einnfremur neytt hluta fórnarinnar. Eg beiðist þess vegna staðfestingar yðar á þessari játningu minni.“

Á fyrsta ári keisarans C. G. M. Q. Trajanus Decius. P. F. Augustus. Pauni 20.“

Ártalið yrði eftir nútíðar tímatali árið 250 þann 21. júní.— Undirskriftir fylgdu með á skjalinu, en mjög voru þær máðar, svo ekki var hægt að lesa þær.



Miðaldasálmar, kveðnir af klausturdýrðlingum, að orðalagi sjálfsagt samhljóða trúartilfinningu þeitra, er sömdu þá, voru vegna þess,— að þeir voru samdir af helgum mönnum,— teknir til almennrar notkunar í kyrkjunni fyrir fólk, er þeir að engu leyti hæfðu, og aldrei hefði átt að vera fyrirskipað, að brúka þá.“— Orð þessi, sem tekin eru úr ráðu eftir hinn nú lifandi erkibiskup Englendinga í Canterbury, bera með sér margt

*). Það er næstum eins og undirskriftirnar hér í bænum innan viss safnaðar, um loforð og skuldbindingu að sækja „kyrkjuna sína“ að sér heilum og lifandi, morgun og kveld, árið út og árið inn og ekki út af að bregða. Fremur virðist trúnni vera farið að hnigna, þegar til þeirra ráða þarf að taka, og áhuginn farinn að verða hæruskotinn. —